

## Mál nr. 303/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns, (L)

**Ágreiningur um réttarstöðu í tengslum við að frestur til að bera ágreiningsefni undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða dómstóla rann út.**

### Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að mistök fulltrúa lögmannsins hafi leitt til fjártjóns fyrir M. Félagið vísar til þess að vátryggingafélag M hafi hafnað ábyrgð úr fjölskyldutryggingu þar sem ekki hafi verið um slys að ræða. Frestur til að bera ágreining um það atriði fyrir úrskurðarnefndina eða dómstóla hafi runnið út. Félagið telur að M verði að sýna fram á að umrædd mistök hafi leitt til fjártjóns. Hann verði að sýna fram á að umrædd afstaða vátryggingafélagsins sé röng og að henni hafi verið hnekkð fyrir dómi eða úrskurðarnefnd. Á meðan hann hafi ekki gætt þessa getur réttur til bóta úr starfsábyrgðartryggingu ekki stofnast.

Vátryggingafélagið vísar og til þess möguleika að úrskurðarnefndin kunni að leggja á það mat hvort afstaða vátryggingafélags M vegna fjölskyldutryggingar hafi verið efnislega rétt. Þá verði að hafa hugfast að það telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi þar sem ekki hafi verið um slys að ræða í umrætt sinn með hliðsjón af skilgreiningu á hugtakinu slys. Ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða þegar sonur M lést eftir að hafa yfirgefið bifreið. Félagið telur að “kuldi og vossbúð geti ekki talist skyndilegur atburður” sbr. nánar umfjöllun félagsins sem óþarft er að geta.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

### Álit.

Úrskurðarnefndin mun einungis fjalla um hvort greiðsluskylda hafi stofnast vegna umræddrar starfsábyrgðartryggingar. Nefndin mun ekki taka afstöðu til þess hvort vátryggingafélag M, vegna fjölskyldutryggingar, hafi haft réttmæta ástæðu til þess að hafna greiðsluskyldu úr fjölskyldutryggingu. Úrskurðarnefndin mun einungis meta hvaða afleiðingar það hefur að málshöfðunarfrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, rann út án þess að gripið var til viðeigandi ráðstafana.

L rekur m.a. málsatvik í bréfi til vátryggingafélagsins, dags. 19.06. 2007, þar sem hann óskar eftir endurupptöku málsins hjá umræddu vátryggingafélagi M. Í tjonstilkynningu lögmannsins til eigin vátryggingafélags vegna starfsábyrgðartryggingarinnar, dags. 15.04. 2008, kemur m.a. fram að meðferð umrædds máls hafi dregist í meðförum fulltrúa lögmannsins með þeim afleiðingum að málshöfðunarfrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga rann út. Jafnframt mun hann hafa ráðlagt M að hann gæti sett sig í samband við félagið vegna starfsábyrgðartryggingarinnar. Þá muni vátryggjandi hans taka afstöðu til bótaskyldu þ.e. hvort um mistök hafi verið að ræða.

Vátryggingafélag L lætur þess getið í nefndu bréfi til nefndarinnar að “óumdeilt er að lögmannsfulltrúinn gerði þau mistök að skjóta ekki afstöðu vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða dómstóla innan hins lögmælda frests”.

Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna urðu mistök fulltrúa lögmannsins þess valdandi að málskotsréttur hans skv. 124. gr. nefndra laga um váttryggingarsamninga féll niður. Vegna þessa er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt starfsábyrgðartryggingu þeirri sem hér um ræðir. Úrskurðarnefndin tekur ekki afstöðu til fjárhæðar tjóns M. Hann hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns. Nefndin hefur ekki verið beðin um að fjalla um fjárhæð tjóns M.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. janúar 2009

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.